



**Fundargerð 80. fundar stjórnar Reykjanes jarðvangs ses.
Haldinn föstudaginn 23. ágúst 2024, kl. 08:30 á Teams.**

Mætt eru: Fannar Jónasson, Gunnar Axel Axelsson, Magnús Stefánsson, Árni Sigfússon, Kjartan Már Kjartansson, Arnbjörn Ólafsson og Jóhann Snorri Sigurbergsson.

Starfsmenn: Daníel Einarsson (sem ritaði fundargerð), Þuríður H. Aradóttir Braun og Sigrún Svafa Ólafsdóttir

Dagskrá fundarins:

1. European Geoparks Conference 2024 – Reykjanes Geopark

Upplýst var um stöðu verkefna í undirbúningi fyrir 17. Ráðstefnu evrópskra jarðvanga sem haldin verður á Reykjanesi í Október 2024. Rætt var um þátttöku, dagskrá, innsend erindi og aðstöðu, auk samstarfs við ýmsa þjónustuaðila. Einnig var fjallað um sýnileika ráðstefnunnar, kynningarmál, móttöku gesta og skipulag í kringum ferðir og aðstöðu á staðnum. Áhersla var lögð á að tryggja góða heildarupplifun fyrir þátttakendur og að svæðið og umgjörð ráðstefnunnar verði vel undirbúin.

Einnig voru lagðar fram tillögur um þátttökumöguleika sveitarfélaga, skóla og annara stofnanna á ráðstefnunni:

Skólar

Gerð er sú tillaga að hver skóli fái fimm aðgangspassa á ráðstefnuna sem gildir aðeins á hefðbundna ráðstefnudagsskrá s.s. opnun, lokun og fyrirlestratúr. Aðgangspassinn er ekki bundinn við nafn heldur geta kennarar og starfsmenn skipts á að koma á ráðstefnuna. Kaffiveitingar innifaldar. Hliðarviðburðir (hádegisverðir, get-together, Dinner, ferðir) eru ekki hluti af þessum aðgangi.

Starfsmenn sveitarfélaga

Lagt er til að fulltrúar sveitarfélaga í stjórn Reykjanes Geopark óski eftir aðgangspassa fyrir sitt starfsfólk sem hann telur að ætti erindi á ráðstefnuna.

Stofnaðilar/stjórn

Fulltrúar í stjórn Reykjanes Geopark fá aðgangspassa á ráðstefnuna án endurgjalds. Þá er einnig lagt til að fulltrúar stofnaðila annara en sveitarfélaga óski eftir aðgangspassa fyrir sitt fólk ef við á.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 09:30